



# Flórgoðinn

## Ávarp skólastjóra

### Mikilvæg atriði

- Nýr aðstoðarskólastjóri, Unnur Elfa Guðmundsdóttir, tók til starfa nú um áramótin.
- Nýr sérkennari, Anna Lilja Sigurðardóttir, tók til starfa nú um áramótin.
- Nýr námsráðgjafi, Björk Einisdóttir, tók til starfa nú um áramótin.
- Forstöðumaður heilsdagsskóla verður ráðinn á næstu dögum.

### Gleðilegt ár og takk fyrir samstarfið á því liðna.

Þegar nemendur og starfsmenn Áslandsskóla mættu til starfa á nýju ári höfðu þrjú nýir starfsmenn hafið störf í skólanum okkar.

**Unnur Elfa Guðmundsdóttir** kom úr Öldutúnskóla og tók við starfi aðstoðarskólastjóra af Vigfúsi Hallgrímssyni.

**Anna Lilja Sigurðardóttir** er nýr sérkennari við skólann og mun hún halda utan um þann þátt í starfsemi skólans.

**Björk Einisdóttir** kom til okkar úr Mosfellsbænum og tók við starfi námsráðgjafa.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að koma þessara þriggja kvenna er sem hvalreki á fjörur skólans. Þær hafa þegar hafið störf af fullum krafti og mikils að vænta af þeirra störfum, Áslandsskóla til heilla. Vil ég nota þetta tækifæri til að bjóða nýja starfsmenn velkomna til starfa.

Ný ráð og nefndir hafa einnig stigið sín

fyrstu spor á undanföllum dögum.

**Nemendaverndarráð** skólans mun funda hvern fimmtudag kl. 15:00. Helstu viðfangsefni nemendaverndarráðs verður að fjalla um mál nemenda sem þurfa á sérstökum úrræðum að halda í námi. Ásamt því verður umfjöllun um félags- og tilfinningaleg vandamál sem upp koma meðal einstaklinga og hópa.

Einstakir kennarar og/eða foreldrar nemenda geta vísað málum til ráðsins sem fjallar um þau, gerir tillögur um úrræði og hefur forgöngu um að vísa málum til sérstakra aðila innan eða utan skóla. Í ráðinu sitja skólastjóri, sérkennari, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og sóknarprestur. Sálfræðingur frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar situr annan hvern fund með ráðinu.

**Eineltisráð** hóf einnig göngu sína í þessari viku. Hvorki einelti né annað ofbeldi verður liðið í Áslandsskóla. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og til að leysa þau mál sem upp kunna koma á farsælan hátt. Áslandsskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af

virðingu og umhyggju. Enda segir í skólalahti að nemendur skuli koma fram við aðra eins og þeir vilji að aðrir komi fram við þá. Í eineltisráði sitja aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi, sóknarprestur, kennari og fulltrúi annarra starfsmanna. Þá hefur **áfallaráð** einnig verið stofnað og mun það funda mánaðarlega. Í því sitja skólastjóri, hjúkrunarfræðingur og sóknarprestur.

**Tómstundaskólinn** skreidd af stað í liðinni viku. Eitthvað var um að misvisandi skilaboð bærust til nemenda og hefur af þeim sökum verið ákveðið að lengja skólann um eina viku, nemendum að kostnaðarlausu.

Menningarvika verður í skólanum í lok febrúar og er undirbúningur þegar hafinn. Væntum við góðrar þátttöku foreldra. Þá eru uppi hugmyndir um að helga eina viku vordaga íslenska hestinum í samvinnu við íshesta. Undirbúningur þess er einnig hafinn.

Leifur S. Garðarsson  
Skólastjóri

## Dyggðir vorannar

### Í þessu blaði

Ávarp skólastjóra Dyggðir vorannar	1
Sérkennsla í Áslandsskóla	2
Námsráðgjöf í Áslandsskóla	2
Námsmat í Áslandsskóla	3
Félagsstarf unglinga	3
Menningardagar í febrúar	4
Umhverfisvika Matsalur	4

Dyggð janúar er **ábyrgð**. Fjallað hefur verið um hana í morgunstundum undanfarið.

Síðustu þrjú daga janúar ætla kennarar að gera sérstakt átak í að fylgjast sérstaklega vel með því hvort nemendur hafi námsefni, heimavinnu og almenn ritfæri sem tengjast náminu í skólatöskum sínum.

Það er von okkar að þið aðstoðið börn ykkar við þetta og ræðið við þau um að taka ábyrgð á eigin hlutum.

### Dyggðir vorannar

**Janúar**  
Ábyrgð

**Febrúar**  
Heiðarleiki

**Mars**  
Hugrekki

**Apríl**  
Sjálfsagi

**Mái**  
Friðsæld

„Dyggð er tvenns konar, vitræn og síðræn.“

Vitræn dyggð verður til og vex að mestu við kennslu. Hún þarfnast því reynslu og tíma.

Síðræn dyggð hlýst hins vegar af síðvæni.

Af þessu má ráða að engin síðræn dyggð er manningum í blóð borin, því enginn náttúrulegur hlutur venst á það sem gengur gegn náttúru hans.”

Aristóteles

## Anna Lilja Sigurðardóttir ráðin sérkennari - hvernig verður sérkennslu háttað -



Kjörorð þitt sé:  
Hærra, hærra.  
Hugsjón þinni  
vertu trúr.

### Heilsdagsskólinn verður lokaður á skipulagsdeginum, miðvikudaginn

**5. febrúar.**

*Þann dag verða námskeið og skipulagsvinna hjá öllum starfsmönnum Áslandsskóla. M.a. verða starfsmannafundir og fræðsluerindi á dagskránni.*

*Anna Lilja Sigurðardóttir var ráðin sérkennari við Áslandsskóla frá og með 1. janúar sl. Anna Lilja hefur starfað með ýmsum hætti að skólamállum og hefur BA próf í sérkennslu.*

Sérkennsla er samkvæmt skilgreiningu sérstakur stuðningur í námi fyrir nemendur sem eiga erfitt með nám vegna sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar.

Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi, innan bekkjardeildar eða utan.

Grundvöllur sérkennslu er greining á námsstöðu og vanda nemandans þannig að hægt sé að velja efni og aðferðir sem skila honum sem mestum árangri. Aðrar greiningar sem að gagni koma, eftir atvikum, geta verið frá sálfræðingi, lækni, sjúkraþjálfara, talmeinafræðingi o.fl.

Greining á vanda nemanda og sérkennsla er ætíð unnin í samráði við foreldra/forráðamenn. Sé um að ræða alvarlegan námsvanda er skrifuð einstaklingsmiðuð námskrá fyrir nemandann þar sem vikið er frá hinni almennu skólanámskrá eftir þörfum. Gott samstarf sérkennara og umsjónarkennara er einnig grundvallaratriði.

Í Áslandsskóla er húsnæðisaðstaða góð til sérkennslu. Nú er framundan að búa stofurnar þeim kennslugögnum sem til þarf, kanna þörfina fyrir sérkennslu innan skólans og skipuleggja starfið. Reynt verður að hefja kennslu sem fyrst og þá byrjað á þeim nemendum sem mest þurfa á henni að halda.

**Viðtalstími** Önnu Lilju Sigurðardóttur sérkennara er á miðvikudögum kl. 11:30-12:30.

### Sérkennsla fyrir hverja

Orðið sérkennsla hefur alla jafna einungis verið notað yfir fræðslu til þeirra sem aðeins eru á eftir í námi eða eiga við námsörðugleika að stríða. Við í Áslandsskóla komum einnig til með að skipuleggja sérkennslu eða öllu heldur sérnámsaðstöðu fyrir nemendur sem skarað hafa fram úr og þurfa þannig sértæka námsaðstoð og hvatningu. Hugmyndir eru uppi um hvernig við komum til með að vinna slíka vinnu og verða þær hugmyndir kynntar frekar þegar þetta skýrist

**Eins og lækur loks er vorar, löngun eykur dropafall, klýfur sundur klettastall; mikill, góður maður sporar mörgum braut um tímans fjall.**

*Sigurbjörn Sveinsson*

## Björk Einisdóttir ráðin námsráðgjafi - helstu verkefni og hlutverk -

### Námsráðgjöf

*Björk Einisdóttir var ráðin námsráðgjafi við Áslandsskóla frá og með 1. janúar sl. Björk hefur m.a. starfað við kennslu og námsráðgjöf og er með BA próf í íslensku auk þess sem hún er útskrifuð úr starfs- og námsráðgjöf.*

- Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda. Námsráðgjafi vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

- Námsráðgjafi er **trúnaðarmaður** og **talsmaður** nemenda. Hann er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra.
- Aðstoð námsráðgjafa beinist að því að auka þekkingu nemenda á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi.
- Samvinna milli nemenda og námsráðgjafa er grundvöllur þess að ráðgjöfin nýtist nemandanum.

**Allir** nemendur og forráðamenn þeirra eiga kost á að snúa sér til námsráðgjafa. Þeir geta komið að eigin frumkvæði og milli- liðalaust eða komið boðum með starfsfólki skólans.

### Helstu verkefni námsráðgjafa eru:

- að veita ráðgjöf og upplýsingar vegna náms- og starfsvals að loknum grunnskóla
- að aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir áhugasviðum sínum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf
- að veita ráðgjöf og leiðsögn um vinnubrögð í námi
- að taka þátt í fyrirbyggjandi starfi í samráði og samvinnu við ýmsa aðila t.d. félagsamtök
- að veita persónulega ráðgjöf

# Námsmat í Áslandsskóla um miðvetur

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir:

„Námsmat miðar að því að afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólustarfsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Megintilgangur námsmats er því sá að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram.“



**Kennarar í Áslandsskóla skulu gefa einkunnir í heilum og hálfum tölum ásamt umsögn í hverri grein. Mikilvægt er að vanda til verka. Umsagnir skulu hvetja nemendur til frekari dáða.**

*Dæmi:*

**Lestur Einkunn** (autt bil) **Umsögn:** Les zzz atkvæði á mínútu og er það góður árangur. Lesskilningur er mjög góður. Hefur verið dugleg að lesa aukabækur. Hefur náð settum markmiðum.

**Stærðfræði Einkunn** 9.5 **Umsögn:** Sýnir mikinn áhuga og sjálfstæði í vinnubrögðum. Vinnur mjög vel í tímum og skilningur er mjög góður. Frágangur er mjög góður.

**Heimilisfræði Einkunn** Mjög gott **Umsögn:** Mjög áhugasamur nemandi sem vinnur vel. Fer alltaf eftir fyrirmælum kennara.

Eins og áður segir skal notast við tölustafi í heilum og hálfum tölum.

Athugið að einnig verður sérstaklega gefin einkunn fyrir **hegðun** og **heimavinnu**. Umsjónarkennari gefur slíkar einkunnir fyrir sinn hóp og leitar eftir umsögnum til annarra kennara vegna þessa.

*Dæmi:*

**Heimavinna** Mjög gott **Umsögn:** Heimavinna er ávallt mjög vel unnin og skilað á réttum tíma.

**Hegðun** Mjög gott **Umsögn:** Hegðun er mjög góð. Fer ávallt eftir skólareglum. Samskipti við skólafélaga og starfsfólk eru góð.

List- og verkgreinakenningar skulu gefa einkunnarorð í 1.-4. bekk og einkunnir ásamt umsögn frá og með 5. bekk. List- og verkgreinakenningar gefa alla sínar einkunnir í vor þegar allir nemendur hafa lokið námi í þeim greinum. Þetta á einnig við um íþróttir og sund.


**Vægi einkunnarorða þegar bara er gefin umsögn er eftirfarandi:**

Mjög gott (9-10)

Gott (6-8)

Nokkuð gott (5)

Ófullnægjandi / óviðunnandi (1-4)



## Félagsmiðstöðin „Ásinn“

Nú á næstunni mun félagsstarf á vegum Æskulýðs- og tómstundaráðs Hafnarfjarðarbæjar fara af stað í Áslandsskóla. Starfið verður aðallega helgað elstu nemendum skólans.

**Markmiðin eru m.a.:**

- Að félagsmiðstöð festist í sessi í skólanum.
- Að efla nemendur til aukins félagsþroska.
- Að tengjast skólanum á enn jákvæðari nótum.

- Að starfa með foreldrafélagi að undirbúningi að góðu framtíðarstarfi.
- Að hefja lýðræðislegt félagsstarf í skólanum þar sem virkni, ábyrgð, frumkvæði og þátttaka eru lykilorð starfseminnar.

Meiningin er að hafa opið hús einu sinni í viku fyrir nemendur í 8. bekk-Garþeimurum. Þeir nemendur munu og eru reyndar þegar byrjaðir í samvinnu við aðrar unglingadeildir í skólum bæjarins að undirbúa grunnskólahátíð sem haldin verður í febrúarmánuði.

Umsjón með starfinu hafa þær Björg Haraldsdóttir, umsjónarkennari í Garþeimurum og Sigríður Gréta Sigfúsdóttir sem starfað hefur í félagsmiðstöðinni Verinu í Hvaleyrarskóla.

Einnig er í undirbúningi að hafa mánaðarlega opið hús fyrir nemendur í miðeild skólans.

Félagsmiðstöðin hefur fengið vinnuheitid Ásinn.



Dyggð febrúar mánaðar er

**HEIÐARLEIKI**

## Menningardagar í febrúar

Dagana 25., 26. og 27. febrúar verða menningardagar í Áslandsskóla.

Þessa daga verða bekkirnir með sérstaka dagskrá og er undirbúningur þegar farin af stað. Stefnt er að því að nemendur í elstu bekkjum skólans starfræki kaffihús seinni partinn alla þessa þrjá daga og mun ágóðinn renna til styrktar góðs málefnis.

Undankeppni upplestrarkeppni grunnskólanna verður haldinn einn þessara daga en lokakeppnin verður í Hafnarborg í marsmánuði.

Meðal annarra dagskrárliða má nefna myndlistarsýningar, ljóðalestur og leiksýningar auk þess sem starfrækt verður kvikmyndahús í fyrirlestrarsalnum.

Þá eru vonir til þess að útvarp verði starfrækt í skólanum alla eða einhvern þessara daga.

Nánar verður sagt frá menningardögum í sérstöku dagskrárriti sem berast mun á öll heimili nemenda skólans þegar nær dregur.



Kríuás 1  
221 Hafnarfjörður  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610

Við ætlum að gera allt framúrskarandi vel.



**Nemendur!**  
Munið að afhenda foreldum ykkar þetta fréttabréf samdægurs.

## Umhverfisvika

Frá og með áramótum var tekinn upp sú nýbreytni að einn bekkur hefur umsjón með umhverfisviku í skólanum.

Hlutverk þess bekkjar er að fara út tvisvar þá vikuna og þrýfa í krinum skólann. Elstu nemendur skólans byrjuðu og hefur þetta gengið með miklum ágætum enda tengist þetta einum af hornsteinunum fjórum – þjónustu við samfélagið.

Sá bekkur sem hefur umsjón með umhverfisvikunni hefur þá vikuna hjá sér forláta skilti sem Ólafur Sigvaldason, hönnunarkennari við skólann, hefur útbúið.

Þá kyrja nemendur ruslasönginn á rölti sínu kringum skólann. Ruslasönginn má sjá hér til hliðar.

## Söngur ruslakarlsins

### Söngur ruslakarlsins

Lag: Nú er frost á fróni  
Ljóð: Guðrún Gísladóttir

Nú er illt í efni  
allt í sorpi og sút  
allir sóða út  
ó, ég hrekk í kút.  
Boginn gegnum bæinn  
bréfum sópa í hrauk  
láta í ruslabauk  
allt í mauk.  
Brotinn baukur er  
brenndur þessi hér  
enginn þetta sér  
illa líður mér.  
Fegrum frekar bæinn  
fleygjum bauka í  
fínt um borg og bí.  
Jibbí!!!

## Matsalur í hádegi

Frá og með áramótum var tekinn upp sú nýbreytni að einn bekkur hefur umsjón með frágangi eftir hádegisverð í hvoru matarhléi fyrir sig.

Bekknun er skipt í fimm hópa yfir vikuna og sjá þeir um að þurrka af borðum, hengja stóla upp á borð og sópa að loknum hádegisverði.

Hver nemandi þarf eftir sem áður að ganga frá sínum mataráhöldum og setja stól upp að borði.

Nú á næstunni mun sú nýbreytni verða tekin upp að nemendur fara út í hádegisfrímínútur að loknum hádegisverði. Nemendur taka yfirhafnir með að matsal og hengja þær á merktta snaga við heimilsfræðistofu. Að málsverði loknum sækir hver sína yfirhöfn á leið út í frímínútur.

### Flórgoðinn

Fréttablað Áslandsskóla.

**Ábyrgð, skrif, hönnun og umbrot:**  
Leifur S. Garðarsson skólástjóri